

Til velferðarnefndar Alþingis

Efni: Athugasemdir Heyrnarfræðifélags Íslands við frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 257. mál

Frumvarpið felur í sér að þrjár ólíkar stofnanir Velferðarráðuneytisins, þ.e. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (HTÍ), Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (ÞÞM) sameinist auk Tölvumiðstöðvar (TMF).

Á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands fer fram fjölbreytt starfsemi á sviði heyrnar- og talmeina. Þar starfar teymi sérfræðinga: heyrnarfræðingar, læknar, talmeinafræðingar, hlustarstykkiásmiður, tæknimaður og sálfræðingur. Ekki þarf tilvísun á HTÍ og þangað koma ungir sem aldnir, allt frá nýburum og upp í háaldrað fólk. Á HTÍ fer m.a. fram greining, meðferð, hæfing og endurhæfing heyrnarskertra/heyrnarlausra.

HTÍ er í viðskiptum við þrjá stóra og virta heyrnartækjaframleiðendur (Phonak frá Sviss, Widex frá Danmörku og Siemens frá Þýskalandi).

Heyrnarfræðingur velur í samvinnu við einstaklinginn þau tæki sem best henta viðkomandi og stillir heyrnartækin sérstaklega fyrir hvern og einn og sér um alla þá hæfingu og endurhæfingu sem þörf er á og samkvæmt viðurkenndri meðferð hverju sinni.

HTÍ stóð fyrir því að heyrnarskimun á nýburum fæddum á Landspítalanum hófst árið 2007 sem tilraunaverkefni og uppúr því hófst skimun nýbura á landsvísu 2009 sem HTÍ kostar. Heyrnarfræðingar á HTÍ sjá um og hafa eftirlit með nýburamælingunum um allt land.

Kuðungsígræðsla er heyrnarbætandi aðgerð sem boðið er upp á þegar heyrn er orðin mjög alvarlega skert og sýnt að aðrar leiðir hjálpi ekki. Bæði börn og fullorðnir fá kuðungsígræðslu. Slikum aðgerðum fjölga jafnt og þétt og krefjast nákvæms undirbúnings lækna, heyrnarfræðinga, talmeinafræðinga og sálfræðings ásamt eyrnalækni frá Landspítala, sem starfa saman í sérstöku kuðungsígræðsluteymi. Teymið kemur reglulega saman allan ársins hring. Allur undirbúningur fyrir slíkar aðgerðir og eftirmeðferð fer fram á HTÍ en aðgerðin sjálf er gerð á Landspítala. Eftir aðgerðina fer fram mikil endurhæfingarvinna/hæfingarvinna einkum heyrnarfræðinga og talmeinafræðinga með skjólstæðingnum með náinni samvinnu við sálfræðing og lækni ef þörf er á. Nú er um 80 Íslendingar með kuðungsígræðslu.

Beinskrúfutæki eru heyrnartæki sem þarf að nota þegar ekki gengur að nota venjuleg heyrnartæki í hlust af einhverjum ástæðum s.s. vegna sýkinga, lokaðrar hlustar o.fl. Slík heyrnartækjameðferð er ævinlega ákvörðuð af sérfræðilækni á HTÍ en heyrnartækjameðferðin eftir aðgerð fer fram hjá heyrnarfræðingi á HTÍ.

Heyrnarfræði lækna er undirségrein innan háls-nef- og eyrnalækninga. Einungis er einn læknir í landinu með þá menntun og er hann starfandi á HTÍ. Heyrnarfræðingar HTÍ eiga vikulega fundi með þessum sérfræðingi til að bera undir hann álitamál og hafa daglegan aðgang að honum.


Sé þessi heilbrigðisþáttur ekki algjörlega tryggður þá er mikil hætta á að þessi teymisvinna hverfi og sjúklingar bíði tjón af.

Af þessu sést að HTÍ er fyrst og fremst heilbrigðisstofnun og ætti því fremur að heyra undir heilbrigðisráðuneyti en félags- og húsnæðismálaráðuneyti til þess að heilbrigðisþátturinn sé algjörlega tryggður og að þjónustan verði efl.

Ekki er hægt að sjá að samlegðaráhrifin af þjónustu sérfræðinga verði mikil við sameiningu þessara stofnana eða verði á nokkurn hátt til hagsbóta fyrir skjólstæðinga HTÍ. Við leggjum áherslu á að allir muni eiga áfram þetta góða aðgengi að okkur og geti fengið heyrnartæki og önnur hjálpartæki á kostnaðarverði.

Virðingarfyllt,

f.h. Heyrnarfræðifélags Íslands



Guðrún Skúladóttir



Sólrún Jónsdóttir